

Alþingi
Erindi nr. P 125/1141
komudagur 22.3.2000

Reykjavík 21. mars 2000

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Viðbótarumsögn frá BÍ um frumvarp til laga um breytingar á höfundalögum

Til viðbótar við þá umsögn sem Bláamannafélagið sendi frá sér í gær vegna frumvarps til laga um breytingu á höfundalögum óskar félagið eftir að koma eftirfarandi atriðum á framfæri varðandi fyrirhugaða breytingu á 21. grein höfundalaga:

Rétt er að vekja athygli á því hvernig heimildarákvæði b liðar 2. tölul. 6. gr. tilskipunar Evrópusambandsins um lögverndun gagnagrunna er orðuð inn í 4. gr. frumvarpsins. Ákvæðið eins og það kemur til með að hljóða, verði frumvarpið að lögum, er engan veginn nógu skýrt. Eðlilegra hefði verið að orða þessa undanþágureglu sérstaklega og með beinum hætti í lögumum og í samræmi við tilskipunina. Í ákvæðinu væri þannig kveðið nánar á um skilgreiningu þess hvenær gagnagrunnur telst vera til kennslu eða vísindarannsóknar og hvenær ekki sé um viðskiptalegan tilgang að ræða.

Ástæða er til að benda á að hér er um heimildarákvæði að ræða, þ.e.a.s. aðildarríkjum EES er ekki skylt að taka þetta ákvæði upp í landslög.

Sé nefnt ákvæði tilskipunarinnar skoðað, þá er aðildarríkjum veitt heimild til þess að takmarka rétt höfundar svo sem sá réttur birtist í 5. gr. tilskipunarinnar (í 5 bókstafliðum) eigi að nota gagnagrunn til kennslu eða vísindarannsóknar án þess að um viðskiptalegan tilgang sé að ræða. Það yrði þannig að orða með "jákvæðum hætti" (lista upp) hvaða réttur höfundar sætir takmörkun með vísan til þessara nota.

Þá er rétt að vekja athygli á því að ekkert er vikið að því í frumvarpinu hvort önnur aðildarríki hafi kosið að beita þessari heimild og ef svo er þá með hvaða hætti.

Að mati Bláamannafélagsins er afar mikilvægt að löggjafinn vandi vel til þessa máls, ekki síst þar sem ekki er hægt að lesa annað út úr breytingartillögunni við 21. grein, en að verið sé að veða að höfundarétti með galopnu og afar óljósu ákvæði. Rétt er fá upplýst með skýrum hætti hvort þetta nýja ákvæði mun gilda um alla gagnagrunna hverju nafni sem þeir nefnast. Jafnt þá sem nú eru til og þeirra sem síðar verða gerðir, og burt séð frá því í hvaða tilgangi gagnagrunnurinn var settur saman. Þarf að hafa verið stofnað til gagnagrunnsins með það fyrir augum að nýta hann til kennslu og vísindarannsóknar eða nægir bara að bera þessa nýtingu fyrir sig til þess réttur höfundar sé sniðgenginn.

Það er afstaða Bláamannafélagsins eins og málið liggur fyrir að lokamálsgrein 4. gr. frumvarpsins verði felld niður. Sé hins vegar vilji til þess að beita undanþáguheimildinni þá verði farið ofan í það mál með mun nákvæmari hætti en gert er í fyrirleggjandi frumvarpi.

Virðingafyllst
f.h. Bláamannafélags Íslands


Lúðvík Geirsson framkvstj.